

Sveitarfélagið Vogar

Ársreikningur
2010

Sveitarfélagið Vogar
löndal 2
190 Vogar

Kt. 670269-2649

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Ársreikningur Sveitarfélagsins Voga er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningskil sveitarfélaga.

Rekstrarartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 655,8 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrarartekjur A hluta 621,4 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 13,28% sem er lögbundið hámark. Álagningahlutfall fasteignaskatts nam 0,265% í A-flokk en lögbundið hámark þess er 0,5%, í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,4% en lögbundið hámark þess er 1,32%, en sveitarstjórnir hafa heimild til að hækka álagningarhlutfall í A og C-flokki um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt ársreikningi A og B hluta var jákvæð um 36,5 millj. kr. og í A hluta 29,0 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2010 nam 869,9 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 867,4 millj. kr.

Eins og fram kemur í skýringu 10 á sveitarfélagið 0,85% af hlutafé Eignarhaldsfélagsins Fasteignar hf. sem fært er til eignar á kostnaðarverði og hafa stjórnendur félagsins átt í viðræðum við lánardrottna félagsins á árinu 2010 um framtíð þess. Sveitarfélagið á einnig 5,69% eignarhluta í Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. og hefur verið unnið að endurskipulagningu á fjármálum og rekstri þess félags. Niðurstöður þessarar vinnu liggur ekki fyrir að svo stöddu og ríkir því óvissa um verðmæti þessara eignarhluta.

Ársreikningur Sveitarfélagsins Voga fyrir árið 2010 er gefinn út hinn 26. apríl 2011 og er á þeim degi tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn í samræmi við ákvæði 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Vogum, 26. apríl 2011



Vogar
Bæjarstjóri

Bæjarstjóri:

Eirvign Jóns

Ársreikningur Sveitarfélagsins Voga fyrir árið 2010 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við 72. gr. sveitarstjórnarlaga og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Vogum, 26. maí 2011.

Bæjarstjórn:

B. Þ. Jónsson
Ólafur Jónsson Jónsson
Elva Kúðvíkardóttir
Björn G. Sætjorn
Vöngur H. Hlinason
Veivindis Skúladóttir

Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna

Til bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sveitarfélagsins Voga fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreiknings séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2010, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu 10 í ársreikningi þar sem fjallað er um óvissu varðandi mat á eignarhlutum sveitarfélagsins í Eignarhaldsfélaginu Fasteign hf. og Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf.

Staðfesting vegna skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjanesbær, 26. apríl 2011.

KPMG ehf.


Sigrún Guðjónsdóttir

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Sveitarfélagsins Voga, höfum yfirfarið ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2010. Leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Vogum, 26. apríl 2011.





Rekstrarreikningur ársins 2010

Skýr.	Ársreikningur 2010	A hluti		A og B hluti		
		Áætlun 2010	Ársreikningur 2009	Ársreikningur 2010	Áætlun 2010	Ársreikningur 2009
Rekstrartekjur						
Útsvar og fasteignaskattur	354.403	346.380	352.646	354.403	346.380	352.646
Framlög Jöfnunarsjóðs	190.543	141.000	162.457	190.543	141.000	162.457
Aðrar tekjur	57.351	54.921	55.515	91.726	88.206	89.656
4	602.297	542.301	570.618	636.672	575.586	604.760
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	5 383.519	327.686	354.517	383.519	327.686	357.026
Annar rekstrarkostnaður	6 237.049	190.313	344.697	240.271	193.943	345.185
Afskriftir	9 44.833	42.870	13.709	58.451	57.108	26.486
	665.401	560.869	712.923	682.241	578.737	728.697
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda	(63.104)	(18.568)	(142.305)	(45.569)	(3.151)	(123.938)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	7 92.138	94.604	146.056	82.086	80.287	124.286
Rekstrarniðurstaða	13 29.034	76.036	3.751	36.517	77.136	349

Efnahagsreikningur

Eignir

Skýr.	A hluti		A og B hluti	
	2010	2009	2010	2009
Fastafjármunir				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Fasteignir og lóðir	507.219	481.658	507.219	481.658
Götur, veitur og höfn	146.369	150.066	288.799	264.117
Áhöld og tæki	4.086	6.097	4.086	6.097
Leigðar eignir	748.051	773.947	748.051	773.947
9	1.405.725	1.411.768	1.548.155	1.525.819
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Stofnframlög og eignarhlutir				
í félögum	112.559	112.559	112.559	112.559
Langtímakröfur	9.577	9.333	9.577	9.333
	122.136	121.892	122.136	121.892
Fastafjármunir	1.527.861	1.533.660	1.670.291	1.647.711
Veltufjármunir				
Skammttímakröfur:				
Óinnheimtar skatttekjur	60.503	66.931	60.503	66.931
Skammttímakröfur á eigin fyrirtæki	46.567	4.695	0	0
Aðrar skammttímakröfur	26.798	23.144	26.876	23.230
Næsta árs afborganir				
langtímakrafna	0	2.991	0	2.991
	133.868	97.761	87.379	93.152
Handbært fé:				
Innstæður Framfarasjóðs	1.209.913	1.369.225	1.209.913	1.369.225
Annað handbært fé	7.889	22.625	7.889	22.625
3j	1.217.802	1.391.850	1.217.802	1.391.850
Veltufjármunir	1.351.670	1.489.611	1.305.181	1.485.002
Eignir samtals	2.879.531	3.023.271	2.975.472	3.132.713

Eignir utan efnahagsreiknings 3k

31. desember 2010

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2010	2009	2010	2009
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	13	867.443	880.907	869.888	875.869
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	14	71.009	68.287	71.009	68.287
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	16	268.793	297.653	386.428	427.772
Leiguskuldir	15	1.522.256	1.627.531	1.522.256	1.627.531
		1.791.049	1.925.184	1.908.684	2.055.303
Skammtímaskuldir					
Skuldir við eigin fyrirtæki		42.342	33.644	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	16	37.305	42.611	53.186	58.088
Næsta árs afborganir leiguskulda	15	21.950	21.693	21.950	21.693
Aðrar skammtímaskuldir		48.433	50.945	50.755	53.473
		150.030	148.893	125.891	133.254
Skuldir og skuldbindingar samtals		2.012.088	2.142.364	2.105.584	2.256.844
Eigið fé og skuldir samtals		2.879.531	3.023.271	2.975.472	3.132.713
Skuldbindingar utan efnahagsreiknings					
	19				

Sjóðstreymisýfirlit árið 2010

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2010	Áætlun 2010	Ársreikningur 2009	Ársreikningur 2010	Áætlun 2010	Ársreikningur 2009
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarniðurstaða	13	29.034	76.036	3.751	36.517	77.136	349
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir	9	44.833	42.870	13.709	58.451	57.108	26.486
Verðbætur og gengismunur		(74.414)	(62.177)	28.659	(70.876)	(55.033)	43.346
Tap af sölu eigna		0	0	5	0	0	5
Hækkun lífeyrisskuldbindingar .	14	4.156	7.700	(1.697)	4.156	7.700	(1.697)
Veltufé frá rekstri		3.609	64.429	44.427	28.248	86.911	68.489
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:							
Óinnh. skatttekjur, hækkun		6.428	0	3.818	6.428	0	3.818
Aðrar kröfur (hækkun) lækkun ..		(3.654)	0	1.948	(3.646)	0	1.923
Skammtímaskuldir (lækkun)		(2.512)	0	(17.486)	(2.718)	0	(17.487)
Greitt v. lífeyrissk.bindingar	14	(1.434)	(2.500)	(1.463)	(1.434)	(2.500)	(1.463)
Samtals		(1.172)	(2.500)	(13.183)	(1.370)	(2.500)	(13.209)
Handbært fé frá rekstri		2.437	61.929	31.244	26.878	84.411	55.280
Fjárfestingarhreyfingar							
Fjárfesting í varanlegum							
rekstrarfjármunum	9	(81.288)	(83.000)	(48.814)	(123.285)	(133.000)	(48.814)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna .		0	0	15	0	0	15
Eignarhlutir í félögum, breyting		0	0	(100)	0	0	(100)
Langtímakröfur, breyting	11	2.991	2.991	2.685	2.991	2.991	2.685
Fjárfestingarhreyfingar		(78.297)	(80.009)	(46.214)	(120.294)	(130.009)	(46.214)
Fjármögnunarhreyfingar							
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja,							
breyting		(33.174)	(42.698)	9.257	0	0	0
Afborganir langtímalána	16	(43.319)	(43.825)	(44.280)	(58.937)	(59.005)	(59.059)
Afborganir leiguskulda	15	(21.695)	(22.549)	0	(21.695)	(22.549)	0
Fjármögnunarhreyfingar		(98.188)	(109.072)	(35.023)	(80.632)	(81.554)	(59.059)
Breyting á handbæru fé		(174.048)	(127.152)	(49.993)	(174.048)	(127.152)	(49.993)
Handbært fé í ársbyrjun		1.391.850	1.417.887	1.441.843	1.391.850	1.417.887	1.441.843
Handbært fé í árslok		1.217.802	1.290.735	1.391.850	1.217.802	1.290.735	1.391.850

Skýringar

1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Sveitarfélagið Vogar er sveitarfélag á Reykjanesi og voru íbúar 1.165 þann 1. desember 2010. Skrifstofa sveitarfélagsins er að löndal 2.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Sveitarfélagsins Voga árið 2010 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, Eignasjóð og Framfarasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Vatnsveita, Fráveita og Hafnarsjóður.

Þann 1. janúar 2008 var Framfarasjóður Sveitarfélagsins Voga stofnaður. Tilgangur hans er varsla og ávöxtun fjármuna af sölu eignarhluta sveitarfélagsins í Hitaveitu Suðurnesja hf. til lengri tíma litið. Markmiðið er að raunvextir fjármuna sjóðsins á hverjum tíma verði nýttir í rekstur og framkvæmdir sveitarfélagsins til þess að bæta þjónustu við íbúa sveitarfélagsins.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Leigðar eignir eru fasteignir sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og eru ekki uppsejanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings.

Kostnaðarverð leigðrar eignar telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Byggingar.....	40 ár
Hafnarmannvirki.....	10 ár
Veitukerfi.....	25 ár
Gatnakerfi.....	25 ár
Áhöld og búnaður.....	5 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

f. Afskriftir leigðra eigna

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við leigutíma eða nýtingartíma sé hann styttri. Sé ljóst að sveitarfélagið eignist hina leigðu eign í lok leigutíma er miðað við nýtingartíma viðkomandi eignar. Keyptur búseturéttur í leigðum eignum sem fæst endurgreiddur þegar búseturéttur fellur niður er skilgreindur sem hrakvirði hinnar leigðu eignar. Afskriftartími leigðra eigna greinist þannig:

Fasteignir.....	30-50 ár
-----------------	----------

g. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum eru færð á kostnaðarverði. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

h. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar meðal veltufjármuna í efnahagsreikningi.

i. Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar skatttekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

j. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

k. Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting í umferðarmannvirkjum fyrir ársbyrjun 2002, hefur áður verið gjaldfærð og er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

I. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar miðað við árslok 2009 og byggir á mati stjórnenda á breytingum til ársloka 2010. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 14.

m. Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leigusuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslum er skipt í vaxtagjöld og afborganir á eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða hana, en ef ekki er miðað við lánskjör sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningur er gerður.

n. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

o. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 19.

p. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2010 er birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum.

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2010	Áætlun 2010	Ársreikningur 2010	Áætlun 2010
Útsvar og fasteignaskattur:				
Útsvar.....	299.241	291.000	299.241	291.000
Fasteignaskattur.....	41.841	41.351	41.841	41.351
Lóðarleiga.....	13.321	14.029	13.321	14.029
	<u>354.403</u>	<u>346.380</u>	<u>354.403</u>	<u>346.380</u>
Framlög Jöfnunarsjóðs:				
Þjónustuframlag.....	45.864	43.354	45.864	43.354
Framlög vegna grunnskóla.....	64.769	41.815	64.769	41.815
Tekjujöfnunarframlag.....	46.854	36.574	46.854	36.574
Framlag vegna fasteignaskatts.....	15.194	12.957	15.194	12.957
Önnur framlög.....	17.862	6.300	17.862	6.300
	<u>190.543</u>	<u>141.000</u>	<u>190.543</u>	<u>141.000</u>
Skatttekjur samtals	<u>544.946</u>	<u>487.380</u>	<u>544.946</u>	<u>487.380</u>

Skýringar, frh.:

4. Rekstrartekjur, frh.:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2010	Áætlun 2010	Ársreikningur 2010	Áætlun 2010
Aðrar tekjur:				
Þjónustutekjur.....	44.323	43.135	78.698	76.420
Eignatekjur.....	3.821	3.770	3.821	3.770
Endurgreiðslur og tilfærslur.....	1.144	755	1.144	755
Aðrar tekjur.....	8.063	7.261	8.063	7.261
	<u>57.351</u>	<u>54.921</u>	<u>91.726</u>	<u>88.206</u>
Rekstrartekjur samtals.....	<u>602.297</u>	<u>542.301</u>	<u>636.672</u>	<u>575.586</u>

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun.....	304.153	264.425	304.153	264.425
Launatengd gjöld.....	74.311	53.541	74.311	53.541
Annar starfsmannakostnaður.....	899	2.020	899	2.020
	<u>379.363</u>	<u>319.986</u>	<u>379.363</u>	<u>319.986</u>
Lífeyrisskuldbinding, breyting.....	4.156	7.700	4.156	7.700
Laun og launatengd gjöld samtals.....	<u>383.519</u>	<u>327.686</u>	<u>383.519</u>	<u>327.686</u>

Í árslok 2010 störfuðu 94 starfsmenn hjá sveitarfélaginu í 75 stöðugildum.

Laun bæjarstjórnar námu 4,9 millj. kr. á árinu 2010 og laun bæjarstjóra námu 12,6 millj. kr. Um er að ræða laun fyrrverandi og núverandi bæjarstjóra.

6. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

Vöru- og þjónustukaup.....	183.304	139.329	186.457	142.959
Skattar og önnur opinber gjöld.....	583	0	583	0
Styrkir, framlög og annar kostnaður...	53.162	50.984	53.231	50.984
	<u>237.049</u>	<u>190.313</u>	<u>240.271</u>	<u>193.943</u>

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur og verðbætur.....	98.650	107.102	98.650	107.102
Arður af eignarhlutum.....	1.386	5.000	1.386	5.000
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(98.444)	(113.718)	(108.496)	(128.035)
Gengismunur.....	90.546	96.220	90.546	96.220
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	<u>92.138</u>	<u>94.604</u>	<u>82.086</u>	<u>80.287</u>

Skýringar, frh.:

8. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Ársreikningur 2010			Áætlun 2010
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Nettó
Aðalsjóður:				
Skatttekjur		549.561	549.561	492.830
Félagsþjónusta	43.753	1.745	(42.008)	(41.888)
Heilbrigðismál			0	(300)
Fræðslu- og uppeldismál	400.475	40.033	(360.442)	(317.555)
Menningarmál	23.485	2.405	(21.080)	(25.968)
Æskulýðs- og íþróttamál	102.060	13.373	(88.687)	(63.426)
Brunamál og almannavarnir	12.848		(12.848)	(11.615)
Hreinlætismál	16.847	14.167	(2.680)	(4.215)
Skipulags- og byggingarmál	17.911	266	(17.645)	(2.673)
Umferðar- og samgöngumál	21.477	779	(20.698)	(18.618)
Umhverfismál	21.125	210	(20.915)	(13.988)
Atvinnumál	511		(511)	(500)
Framlög til B-hluta	6.600		(6.600)	(6.600)
Sameiginlegur kostnaður	70.512	3.488	(67.024)	(59.668)
Breyting lífeyrisskuldbindingar	4.156		(4.156)	(7.700)
Framlag frá Framfarasjóði		52.904	52.904	37.680
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	15.181	5.573	(9.608)	(10.134)
Aðalsjóður samtals	756.941	684.504	(72.437)	(54.338)
A hluta stofnanir:				
Eignasjóður	143.029	202.941	59.912	67.574
Framfarasjóður	52.904	94.463	41.559	62.800
Innri færslur A hluta	(189.030)	(189.030)	0	0
A hluti samtals	763.844	792.878	29.034	76.036
B hluta fyrirtæki:				
Vatnsveita	5.784	14.961	9.177	5.059
Fráveita	14.861	18.189	3.328	(1.560)
Hafnarsjóður	12.847	7.825	(5.022)	(2.399)
Innri færslur A og B hluta	(6.600)	(6.600)	0	0
A og B hluti samtals	790.736	827.253	36.517	77.136

Skýringar, frh.:

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

a. Bókfært verð

A hluti

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir og lendur	Gatnakerfi	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2010	526.298	218.635	10.052	754.985
Afskrifað áður	(44.640)	(68.569)	(3.955)	(117.164)
Bókfært verð 1.1.2010	481.658	150.066	6.097	637.821
Viðbót á árinu	71.966	9.322	0	81.288
Endurmat lóða og lendna	(42.498)	0	0	(42.498)
Afskrifað á árinu	(3.907)	(13.019)	(2.011)	(18.937)
Bókfært verð 31.12. 2010	507.219	146.369	4.086	657.674
Heildarverð 31.12.2010	555.766	227.957	10.052	793.775
Afskrifað samtals	(48.547)	(81.588)	(5.966)	(136.101)
Bókfært verð 31.12.2010	507.219	146.369	4.086	657.674
Afskriftarhlutföll	0,0 - 2,5%	4,0%	20,0%	

Leigðar eignir greinast þannig:

	Samtals
Heildarverð 1.1.2010	865.789
Heildarverð 31.12.2010	865.789
Afskrifað í upphafi árs.....	(91.842)
Afskrifað á árinu.....	(25.896)
Afskrifað samtals 31.12.2010.....	(117.738)
Bókfært verð 31.12.2010	748.051
Afskriftarhlutföll	2,0 - 3,3%

Samantekið:

Varanlegir rekstrarfjármunir samtals í ársbyrjun.....	1.411.768
Viðbót á árinu samtals.....	81.288
Endurmat lóða og lendna.....	(42.498)
Afskriftir samtals á árinu.....	(44.833)
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals í árslok.....	1.405.725

Skýringar, frh.:

9. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

a. Bókfært verð, frh.

A og B hluti

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir og lendur	Götur, veitur og höfn	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1. 2010	526.298	418.837	10.052	955.187
Afskrifað áður	(44.640)	(154.720)	(3.955)	(203.315)
Bókfært verð 1.1. 2010	481.658	264.117	6.097	751.872
Viðbót á árinu	71.966	51.319	0	123.285
Endurmat lóða og lendna	(42.498)	0	0	(42.498)
Afskrift á árinu	(3.907)	(26.637)	(2.011)	(32.555)
Bókfært verð 31.12.2010	507.219	288.799	4.086	800.104
Heildarverð 31.12.2010	555.766	470.156	10.052	1.035.974
Afskrifað samtals	(48.547)	(181.357)	(5.966)	(235.870)
Bókfært verð 31.12.2010	507.219	288.799	4.086	800.104
Afskriftarhlutföll	0,0 - 2,5%	4,0 - 10,0%	20,0%	

Leigðar eignir greinast þannig:

	Samtals
Heildarverð 1.1.2010	865.789
Heildarverð 31.12.2010	865.789
Afskrifað í upphafi árs.....	(91.842)
Afskrifað á árinu.....	(25.896)
Afskrifað samtals 31.12.2010.....	(117.738)
Bókfært verð 31.12.2010	748.051
Afskriftarhlutföll	2,0 - 3,3%

Samantekið:

Varanlegir rekstrarfjármunir samtals í ársbyrjun.....	1.525.819
Viðbót á árinu samtals.....	123.285
Endurmat lóða og lendna.....	(42.498)
Afskriftir samtals á árinu.....	(58.451)
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals í árslok.....	1.548.155

Skýringar, frh.:

9. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

b. Fjárfesting

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig:

	Fjárfesting 2010	Áætlun 2010
A hluti		
Fasteignir og lóðir:		
Leikskólinn Suðurvellir.....	11.484	10.000
Íþróttasvæði.....	60.482	60.000
Fasteignir og lóðir samtals	71.966	70.000
Gatnagerð:		
Gatnagerð.....	9.322	13.000
Gatnagerð samtals	9.322	13.000
A hluti	81.288	83.000
B hluti		
Veitukerfi.....	41.997	50.000
B hluti	41.997	50.000
A og B hluti	123.285	133.000

c. Fasteignamat og váttryggingaverð

Brunabótamat, fasteignamat og bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig:

	Brunabótamat	Fasteignamat	Bókfært verð 31.12.2010
Suðurgata 5, leikskóli	143.900	63.239	80.927
lðndalur 2, skrifstofa	21.600	9.224	9.739
Aragerði 4	10.950	5.020	741
Lóðir og lendur		878.076	245.861
Annað land		80.998	110.225
Íþróttasvæði			59.726
Gatnakerfi			146.369
Hafnarmannvirki			23.847
Veitukerfi			118.583
Vélar, áhöld, bifreiðar og búnaður			4.086
Leigðar eignir			748.051
			1.548.155

Viðlagatrygging

Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerðar um viðlagatryggingu eru götulýsing, veitu- og hafnarmannvirki tryggð vegna náttúruhamfara. Tryggingaverðmæti fráveitu nemur í árslok 140,3 millj. kr., vatnsveitu kr. 57,7 millj. kr., götulýsingar 63,2 millj. kr. og hafnar 503,1 millj. kr.

Tryggingaverð lausafjármuna

Tryggingaverð lausafjármuna greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Grunnskóli	30.356	30.356
Leikskóli	8.044	8.044
Bókasafn	13.238	13.238
Íþróttahús og sundlaug	14.592	14.592
Skrifstofa sveitarfélagsins	5.335	5.335
	71.565	71.565

Skýringar, frh.:

10. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	A hluti Bókfært verð	A og B hluti Bókfært verð
HS Orka hf.	0,10%	6.109	6.109
HS Veitur hf.	0,10%	1.335	1.335
Suðurlindir ohf.	33,33%	1.500	1.500
Eignarhaldsfélagið Fasteign hf.	0,85%	43.784	43.784
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf.	0,83%	8.561	8.561
Landskerfi bókasafna hf.	0,14%	205	205
Bláa lónið ehf.	0,03%	200	200
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	0,42%	37.562	37.562
Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf.	5,69%	13.203	13.203
Heilsufélag Reykjaness ehf.		100	100
		<u>112.559</u>	<u>112.559</u>

Samkvæmt ársreikningi Eignarhaldsfélagsins Fasteignar hf. fyrir árið 2009 er gerður fyrirvari í áritun endurskoðanda um rekstrarhæfi félagsins vegna óvissu um mat á eignum og niðurstöðu samninga við lánardrottna. Ársreikningur 2010 liggur ekki fyrir, en samkvæmt upplýsingum frá stjórn félagsins standa yfir samningaviðræður um framtíð félagsins gagnvart lánadrottnum þess.

Einnig ríkir óvissa um verðmæti eignarhluta sveitarfélagsins í Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf., en unnið er að endurskipulagningu á fjármálum og rekstri félagsins.

Eignarhlutir sveitarfélagsins í ofangreindum félögum eru ekki færðir niður í ársreikningi fyrir árið 2010 vegna óvissu um stöðu félaganna, en það kann að koma til niðurfærslu á síðari tímabilum þegar frekari upplýsingar liggja fyrir.

11. Langtímakröfur

Breyting langtímakrafna á árinu greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Staða í ársbyrjun	12.324	12.324
Afborganir á árinu	(2.991)	(2.991)
Verðbætur	244	244
Staða í árslok	<u>9.577</u>	<u>9.577</u>

Yfirlit um langtímakröfur:

Búseturéttur, verðbættur	<u>9.577</u>	<u>9.577</u>
--------------------------------	--------------	--------------

Búseturéttur er verðtryggður með vísitölu neysluverðs og fæst greiddur við innlausn íbúða. Greiddur búseturéttur í upphafi er færður til eignar meðal leigðra eigna, en áfallnar verðbætur meðal langtímakrafna.

12. Skammtímakröfur

Niðurfærsla skammtímakrafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun	105.207	105.207
Niðurfærsla, breyting á árinu	18.000	18.000
Niðurfærsla í árslok	<u>123.207</u>	<u>123.207</u>

Skýringar, frh.:

13. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

	A hluti	A og B hluti
Eigið fé 1.1. 2010	880.907	875.869
Rekstrarniðurstaða ársins	29.034	36.517
Endurmat lóða og lendna í árslok	(42.498)	(42.498)
Eigið fé 31.12. 2010	867.443	869.888

14. Lífeyrisskuldbinding

Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins. Lífeyrisskuldbindingin er færð á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar miðað við árslok 2009, en áætluð breyting á árinu 2010 er byggð á mati stjórnenda sveitarfélagsins. Reiknuð hækkun á árinu á lífeyrisréttindum er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir á árinu að fjárhæð 1,4 millj. kr., er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Áfallin lífeyrisskuldbinding í árslok 2010 greinist þannig:

Lífeyrisskuldbinding 1.1. 2010	68.287	68.287
Reiknuð hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu	4.156	4.156
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar á árinu	(1.434)	(1.434)
Lífeyrisskuldbinding 31.12. 2010	71.009	71.009

15. Leiguskuldir

Sveitarfélagið hefur gert leigusamninga um fasteignir sem færðir eru til skuldar í efnahagsreikningi. Leigusamningar eru bæði tengdir vísitölu og gengi evru. Leigusamningar greinast þannig:

Leiguskuldir þ.m.t. næsta árs afborgun.....	1.544.206	1.544.206
Næsta árs afborgun.....	(21.950)	(21.950)
Langtímahluti leiguskulda.....	1.522.256	1.522.256

Aðrir upplýsingar um leigusamninga:

Leigutími	Afvöxtunar- stuðull	Bókfært verð (núvirði lágmarksleigugreiðslna)			
		EUR	ISK	Samtals	
A hluti:					
Stóru-Vogaskóli	2004-2034	7,08%	176.059	126.974	303.033
Stóru-Vogask., viðb. .	2005-2035	7,10%	268.970	167.507	436.477
Íþróttahús	2006-2036	7,54%	184.349	108.695	293.044
Íþróttahús, viðb.	2007-2037	6,63%	125.072	91.490	216.562
Íþróttahús, viðauki	2007-2037	7,64%	13.652	8.940	22.592
Gervigrasvöllur	2008-2038	6,93%	10.855	7.250	18.105
Leikskóli	2008-2038	5,55%	22.441	14.392	36.833
Búmenn þj.rými	2008-2058	3,95%		197.908	197.908
Búmenn íbúð 106	2008-2058	3,85%		9.826	9.826
Búmenn íbúð 107	2008-2058	3,85%		9.826	9.826
			801.398	742.808	1.544.206

Leigugreiðslur vegna Stóru-Vogaskóla, íþróttamannvirkja og leikskóla koma til endurskoðunar á 5 ára fresti á leigutíma. Ef ekki nást samningar við Eignarhaldsfélagið Fasteign hf., sem er leigusali þessara eigna, um leiguverð er sveitarfélaginu heimilt að kaupa hinar leigðu eignir á framreiknuðum byggingarkostnaði.

Skýringar, frh.:

15. Leiguskuldir, frh.:

Ónúvitar lágmarksleigugreiðslur samninga greinast þannig í þúsundum króna:

	Árið 2011	Árið 2012	Árið 2013	Árið 2014	Árið 2015	Síðar	Samtals
Stóru Vogaskóli	26.535	26.535	26.535	26.535	26.535	488.695	621.373
Stóru Vogask., viðb.	37.538	37.538	37.538	37.538	37.538	738.247	925.937
Íþróttahús	26.078	26.078	26.078	26.078	26.078	521.568	651.960
Íþróttahús, viðbygg.	17.411	17.411	17.411	17.411	17.411	371.426	458.479
Íþróttahús, viðauki	1.983	1.983	1.983	1.983	1.983	43.294	53.209
Gervigrasvöllur	1.483	1.483	1.483	1.483	1.483	32.746	40.161
Leikskóli	2.611	2.611	2.611	2.611	2.611	58.969	72.025
Búmenn, þj.rými	9.181	9.181	9.181	9.181	9.181	390.969	436.876
Búmenn, íbúð 106	451	451	451	451	451	19.032	21.288
Búmenn, íbúð 107	451	451	451	451	451	19.032	21.288
Samtals	123.723	123.723	123.723	123.723	123.723	2.683.979	3.302.596

Heildargreiðslur vegna leigusamninga námu 96,3 millj. kr. á árinu 2010 og færast þannig í ársreikninginn:

	A hluti	A og B hluti
Afborgun til lækkunar á leiguskuld.....	21.695	21.695
Vaxtagjöld.....	67.626	67.626
Lágmarksleigugreiðsla.....	89.321	89.321
Rekstrarkostnaður.....	6.980	6.980
Heildarleigugreiðslur.....	96.301	96.301

Eignarhaldsfélagið Fasteign hf. veitti sveitarfélaginu 28,5% afslátt út árið 2010 af leigugreiðslum vegna leigusamninga sem sveitarfélagið hafði gert við félagið.

16. Langtímaskuldir

Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

	Gengistryggð lán	Verðtryggð lán	Samtals
A hluti			
Staða lána í ársbyrjun	3.357	336.907	340.264
Afborganir af lánum	(3.357)	(39.962)	(43.319)
Verðbætur og gengismunur	0	9.153	9.153
Staða lána í árslok	0	306.098	306.098
A og B hluti			
Staða lána í ársbyrjun	3.357	482.503	485.860
Afborganir af lánum	(3.357)	(55.580)	(58.937)
Verðbætur og gengismunur	0	12.691	12.691
Staða lána í árslok	0	439.614	439.614

Skýringar, frh.:

16. Langtímaskuldir, frh.:

Yfirlit um langtímaskuldir:

	A hluti	A og B hluti
Skuldir í íslenskum krónum, vextir 4,25% - 6,7%.....	306.098	439.614
Næsta árs afborganir	(37.305)	(53.186)
Langtímaskuldir samtals.....	<u>268.793</u>	<u>386.428</u>

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör í árslok 2010.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

Árið 2011.....	37.305	53.186
Árið 2012.....	35.236	46.439
Árið 2013.....	94.074	105.277
Árið 2014.....	30.422	41.625
Árið 2015.....	29.096	40.299
Síðar.....	79.965	152.788
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir.....	<u>306.098</u>	<u>439.614</u>

17. Heildaryfirlit um fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
A-hluti	100%	2.879.531	2.012.088	867.443
Vatnsveita	100%	49.304	0	49.304
Fráveita	100%	111.621	176.980	(65.359)
Hafnarsjóður	100%	23.926	5.426	18.500
Millifærslur, innbyrðis staða		(88.910)	(88.910)	0
Samtals		<u>2.975.472</u>	<u>2.105.584</u>	<u>869.888</u>

18. Framfarasjóður Sveitarfélagsins Voga

Stofnframlag til Framfarasjóðs Sveitarfélagsins Voga var 1.256 millj. kr. í ársbyrjun 2008 en staða sjóðsins var 1.297,6 millj. kr. í árslok 2010.

Yfirlit um Framfarasjóð á árinu:

Flutt frá fyrra ári.....	1.256.000
Ávöxtun á árinu.....	94.463
Ráðstöfun raunvaxta til Aðalsjóðs.....	(52.904)
Staða í árslok.....	<u>1.297.559</u>

Yfirlit um stöðu Framfarasjóðs í árslok:

Innstæður á bankareikningum.....	1.209.913
Krafa á Aðalsjóð.....	87.646
Staða í árslok.....	<u>1.297.559</u>

Ákvörðun um að ganga á höfuðstól sjóðsins krefst tveggja umræðna í sveitarstjórn samkvæmt samþykktum sjóðsins. Átta vikur skulu líða milli umræðna og skal síðari umræðu lokið áður en fyrri umræða um fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fer fram. Til að tillaga um að ganga á höfuðstól hljóti samþykki skal hún njóta stuðnings meirihluta sveitarstjórnar við báðar umræður í sveitarstjórn. Bæjarráð skal afla álits óháðra sérfræðinga á nauðsyn ráðstöfunarinnar til hagsbóta fyrir íbúa sveitarfélagsins og skal það álit kynnt bæjarfulltrúum og bæjarbúum með auglýsingu og á borgarafundi áður en síðari umræða um tillöguna fer fram.

19. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Ábyrgðir

Sveitarfélagið ábyrgist ásamt Reykjanesbæ, Sandgerðisbæ og Sveitarfélaginu Garði greiðslur á skuldabréfum að fjárhæð um 1.190 millj. kr. vegna sameiginlegra fyrirtækja og stofnana á vegum sveitarfélaganna. Um er að ræða Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. og Fjölbautarskóla Suðurnesja. Hlutfallsleg ábyrgð sveitarfélagsins í skuldum vegna Fjölbautarskólans telst vera um 5,61% af heildarskuldunum en allir hlutaðeigandi aðilar bera jafna ábyrgð á skuldum Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf.

Sveitarfélagið ábyrgist ásamt Reykjanesbæ og Sveitarfélaginu Garði greiðslur á skuldabréfum að fjárhæð 127 millj. kr. í árslok 2010 vegna Hafnarsamlags Suðurnesja, nú Reykjaneshöfn. Bera allir hlutaðeigandi aðilar jafna ábyrgð á greiðslu skuldabréfanna.

Á sveitarfélaginu hvíla ábyrgðarskuldbindingar gagnvart þriðja aðila vegna skuldabréfaláns að eftirstöðvum 890 þús. kr. í árslok 2010.

Uppbygging nýs hverfis

Sveitarfélagið hefur gert samning við einkahlutafélag um uppbyggingu íbúða í Grænuborgarhverfi. Samningur um uppbyggingu í hverfinu var gerður þann 6. mars 2008 og er í samræmi við útboðs- og verklýsingu fyrir hverfið frá því í apríl 2005. Samkvæmt samningunum sér einkahlutafélagið um framkvæmdir við gerð gatna, lagna, opinna svæða o.fl., auk þess sem félagið mun láta af hendi og afsala til sveitarfélagsins lóðum til byggingar grunnskóla og leikskóla.

Sveitarfélagið Vogar fer með skyldur sveitarfélags gagnvart svæðunum, sem felast m.a. í því að annast um gerð svæðisskipulags, aðalskipulags og deiliskipulags, veitingu byggingarleyfa, annast byggingareftirlit og vinnu að sameiginlegum velferðarmálum fyrir væntanlega íbúa svæðanna eftir því sem lög ákveða og fært þykir á hverjum tíma.

19. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings, frh.

Leigusamningur um lausafé

Sveitarfélagið hefur gert kaupleigusamning vegna leigu á búnaði í lausri kennslustofu við leikskólann Suðurvelli og er hann til fimm ára. Gjaldfærð leiga vegna samningsins nam 358 þús. kr. á árinu og námu eftirstöðvar hans 774 þús. kr. í árslok.

20. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Á árinu náðu viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eingöngu til hefðbundinnar þjónustu sem sveitarfélagið veitir og opinberra gjalda sem lögð eru á tengda aðila. Viðskiptin eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

Skýringar, frh.:

21. Lykiltölur

Yfirlit um lykiltölur:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
Í hlutfalli við rekstrartekjur				
Útsvar	49,8 %	53,7 %	47,0 %	50,6 %
Fasteignaskattur	6,9 %	7,6 %	6,6 %	7,2 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	31,6 %	26,0 %	29,9 %	24,5 %
Lóðarleiga.....	2,2 %	2,6 %	2,1 %	2,4 %
Skatttekjur samtals.....	90,5 %	89,9 %	85,6 %	84,7 %
Aðrar tekjur	9,5 %	10,1 %	14,4 %	15,3 %
Rekstrartekjur samtals	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld.....	63,7 %	60,4 %	60,2 %	56,9 %
Annar rekstrarkostnaður.....	39,4 %	35,1 %	37,7 %	33,7 %
Afskriftir.....	7,4 %	7,9 %	9,2 %	9,9 %
(Fjármunatekjur) og fjármagnsgjöld.....	(15,3 %)	(17,4 %)	(12,9 %)	(13,9 %)
	95,2 %	86,0 %	94,2 %	86,6 %
Rekstrarniðurstaða.....	4,8 %	14,0 %	5,8 %	13,4 %
Veltufé frá rekstri.....	0,6 %	11,9 %	4,4 %	15,1 %
Fjárfestingarhreyfingar.....	(13,0 %)	(14,8 %)	(18,9 %)	(22,6 %)
Í þúsundum króna á íbúa				
Rekstur				
Skatttekjur.....	468	418	468	418
Aðrar tekjur	49	47	79	76
Laun og launatengd gjöld	(329)	(281)	(329)	(281)
Annar rekstrarkostnaður	(203)	(163)	(206)	(166)
Afskriftir.....	(38)	(37)	(50)	(49)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	79	81	70	69
Rekstrarniðurstaða.....	25	65	31	66
Sjóðstreymi				
Veltufé frá rekstri	3	55	24	75
Handbært fé frá rekstri	2	53	23	72
	A hluti		A og B hluti	
	2010	2009	2010	2009
Efnahagur				
Eignir.....	2.472	2.530	2.554	2.622
Eigið fé.....	745	737	747	733
Skuldir og skuldbindingar.....	1.727	1.793	1.762	1.889
Aðrar lykiltölur				
Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri, mælt í árum	84,82	7,66	15,56	7,09
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/ skammtímaskuldir.....	9,01	10,00	10,37	11,14
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	0,30	0,29	0,29	0,28

Skýringar, frh.:

21. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs:

	2010	2009	2008	2007	2006
Í hlutfalli við rekstrartekjur					
Útsvar	49,8 %	51,9 %	54,0 %	52,0 %	53,0 %
Fasteignaskattur	6,9 %	7,8 %	7,3 %	6,9 %	6,5 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	31,6 %	28,5 %	29,1 %	29,6 %	29,7 %
Lóðarleiga.....	2,2 %	2,1 %	2,0 %	2,0 %	1,8 %
Skatttekjur samtals.....	90,5 %	90,3 %	92,4 %	90,5 %	91,0 %
Aðrar tekjur	9,5 %	9,7 %	7,6 %	9,5 %	9,0 %
Rekstrartekjur samtals	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld.....	63,7 %	62,1 %	56,3 %	54,7 %	63,7 %
Annar rekstrarkostnaður.....	39,4 %	60,4 %	54,4 %	42,7 %	41,6 %
Afskriftir.....	7,4 %	2,4 %	2,3 %	1,6 %	1,9 %
(Fjármunatekjur) og fjármagnsgjöld.....	(15,3%)	(25,6%)	(37,0%)	(215,0%)	5,9 %
	95,2 %	99,3 %	76,0 %	(116,0%)	113,1 %
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	4,8 %	0,7 %	24,0 %	216,0 %	(13,1%)
Veltufé frá (til) rekstrar.....	0,6 %	7,8 %	36,7 %	20,3 %	(6,0%)
Fjárfestingarhreyfingar.....	(13,0%)	(8,1%)	(10,6%)	232,2 %	19,1 %
Í þúsundum króna á íbúa					
Rekstur					
Skatttekjur.....	468	431	456	394	366
Aðrar tekjur	49	46	38	42	36
Laun og launatengd gjöld	(329)	(297)	(278)	(238)	(264)
Annar rekstrarkostnaður	(203)	(288)	(269)	(186)	(167)
Afskriftir.....	(38)	(11)	(11)	(7)	(8)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	80	122	183	936	(24)
Rekstrarniðurstaða.....	25	3	118	940	(60)
Sjóðstreymi					
Veltufé frá (til) rekstrar.....	3	37	180	98	(24)
Handbært fé frá (til) rekstrar	2	26	38	223	(18)
Efnahagur					
Eignir.....	2.472	2.530	1.727	1.697	627
Eigið fé.....	745	737	1.305	1.177	219
Skuldir og skuldbindingar.....	1.727	1.793	422	520	408
Aðrar lykiltölur					
Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri mælt í árum	84,82	7,66	1,60	3,18	
Veltufjárlutfall - veltufjármunir/ skammtímaskuldir.....	9,01	6,27	11,35	5,99	1,06
Eiginfjárlutfall - eigið fé/heildarfjármag	0,30	0,29	0,76	0,69	0,35
Útsvarprósenta	13,03%	13,03%	13,03%	13,03%	13,03%
Fasteignaskattsprósenta, A-liður	0,27%	0,28%	0,28%	0,30%	0,30%
Fasteignaskattsprósenta, B-liður	1,32%	1,32%	1,32%	0,88%	0,44%
Fasteignaskattsprósenta, C-liður,	1,40%	1,40%	1,40%	1,50%	1,50%
Íbúafjöldi (heimild: Hagstofa Íslands):					
Íbúafjöldi 1. desember.....	1.165	1.195	1.215	1.225	1.106
Breyting frá fyrra ári.....	(4,1%)	(2,4%)	(0,8%)	10,8 %	8,6 %

Skýringar, frh.:

21. Lykiltölur, frh.:

Í yfirliti þessu er borin saman ráðstöfun skatttekna til einstakra málaflokka í A hluta síðustu þrjú árin. Þjónustutekjur og aðrar tekjur sem tilheyra einstökum málaflokkum hafa verið dregnar frá gjöldum viðkomandi málaflokks. Fjárhæðir eru í þús. kr. og á verðlagi hvers árs.

	2010	Hlutfall af skattt.	2009	Hlutfall af skattt.	2008	Hlutfall af skattt.
Aðalsjóður						
Skatttekjur	549.561	100,0%	516.335	100,0%	555.038	100,0%
Félagsþjónusta	(42.008)	(7,6%)	(50.235)	(9,7%)	(32.922)	(5,9%)
Heilbrigðismál	0	0,0%	(51)	0,0%	(561)	(0,1%)
Fræðslu- og uppeldismál	(360.442)	(65,6%)	(372.748)	(72,2%)	(346.596)	(62,4%)
Menningarmál	(21.080)	(3,8%)	(25.882)	(5,0%)	(21.446)	(3,9%)
Æskulýðs- og íþróttamál	(88.687)	(16,1%)	(103.042)	(20,0%)	(95.737)	(17,2%)
Brunamál og almannavarnir	(12.848)	(2,3%)	(11.147)	(2,2%)	(11.851)	(2,1%)
Hreinlætismál	(2.680)	(0,5%)	(5.285)	(1,0%)	(5.011)	(0,9%)
Skipulags- og byggingarmál	(17.645)	(3,2%)	(10.244)	(2,0%)	(12.798)	(2,3%)
Umferðar- og samgöngumál	(20.698)	(3,8%)	(13.532)	(2,6%)	(14.084)	(2,5%)
Umhverfismál	(20.915)	(3,8%)	(13.266)	(2,6%)	(18.225)	(3,3%)
Atvinnumál	(511)	(0,1%)	(114)	0,0%	(1.549)	(0,3%)
Framlög til B-hluta	(6.600)	(1,2%)	(6.600)	(1,3%)	(6.600)	(1,2%)
Sameiginlegur kostnaður	(67.024)	(12,2%)	(60.615)	(11,7%)	(59.108)	(10,6%)
Breyting lífeyrisskuldbindingar	(4.156)	(0,8%)	1.697	0,3%	(10.572)	(1,9%)
Framlag frá Framfarasjóði	52.904	9,6%	55.430	10,7%	80.077	14,4%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(9.608)	(1,7%)	(17.865)	(3,5%)	(38.074)	(6,9%)
Aðalsjóður samtals	(72.437)	(13,1%)	(117.164)	(22,8%)	(40.019)	(7,1%)
Aðrir sjóðir í A hluta						
Eignasjóður	59.912	10,9%	326.384	63,2%	(21.873)	(3,9%)
Framfarasjóður	41.559	7,6%	(205.471)	(39,8%)	205.471	37,0%
A hluti samtals	29.034	5,3%	3.749	0,7%	143.579	25,9%

Fjárfesting A hluta á árunum 2008 til 2010 greinist þannig eftir málaflokkum í þús. kr.:

	2010	%	2009	%	2008	%
Fræðslu- og uppeldismál	11.484	14,1 %	0	0,0 %	0	0,0 %
Æskulýðs- og íþróttamál	60.482	74,4 %	0	0,0 %	0	0,0 %
Sameiginlegur kostnaður	0	0,0 %	0	0,0 %	5.053	11,1 %
Umferðar- og samgöngumál	9.322	11,5 %	48.814	100,0 %	40.441	88,9 %
	81.288	100,0 %	48.814	100,0 %	45.494	100,0 %